

Kviðslit í kviðvegg

Kviðslit er rof í kviðvegg sem garnir eða annað úr kviðarholi getur þrýst út um. Aðgerðin er framkvæmd þegar kviðslit veldur óþægindum eða hættu er á að garnir festist í því þannig að hættu er á að blóðflæði til þeirra skerðist. Aðgerðin er gerð með opnum skurði eða gegnum kviðsjá. Í aðgerðinni er komið fyrir sérstöku neti til að styrkja kviðvegginn. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Næring og hreyfing

Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orku- og próteinríka næringardrykki. Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli, fá heimilishjálp eða heimahjúkrun.


Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.



Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótaefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Sumir fá blóðþynningarlyf fyrir og eftir aðgerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Hjúkrunarfræðingur leiðbeinir um gjöf lyfsins en það er gefið með sprautu undir húð.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og þrífa naflann með bómullarpinna. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild skurðlækninga 13D Landspítala Hringbraut, 3. hæð á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 2-4 klukkustundir og síðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Verkjalyf eru gefin á föstum tímum og í samráði við sjúkling. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

- Skurðaðgerð um kviðsjá:** Verkja- og bólgueyðandi lyf eru gefin reglulega í töfluformi og eftir þörfum.
- Opin skurðaðgerð:** Yfirleitt er verkjameðferð í formi utanbastsdeyfingar. Þá er grannur plastleggur settur utan við mænugöng, í bil á milli tveggja hryggjarliða. Deyfingin er höfð í nokkra daga eftir aðgerð og er gefin með reglulegum skömmtum með dælu. Einnig er hægt að gefa sér auka skammt ef á þarf að halda.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Öndun

Öndunaræfingar eru nauðsynlegar til að minnka hættu á samfalli á lungnavef sem valdið getur lungnabólgu, fyrst eftir aðgerð og mikilvægt er því að fylgja leiðbeiningum sjúkrabjálfa. Við hósta er ráðlagt að styðja við skurðsár með kodda.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru í aðgerð til að fylgjast með þvagútskilnaði og er hann yfirleitt fjarlægður 1-2 dögum eftir aðgerð. Þegar búið er að fjarlægja þvaglegginn getur borðið á þvagtrengu og því er mikilvægt að láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Hægðir og garnastarfssemi

Garnastarfssemi getur orðið hæg eftir aðgerð og einstaklingsbundið er hve fljótt það gengur yfir. Því er fylgst með garnahljóðum og því hvenær loft og hægðir koma niður.

Matur og drykkur

Vökvi er gefinn í æð þar til sjúklingur er farinn að geta drukkið nægilega. Læknir metur hvenær má byrja að borða og drekka eftir aðgerðina, yfirleitt er byrjað á fljótandi fæði. Gefin er ógleðistillandi meðferð ef með þarf.

Skurðsár

Skurðsár er ýmist saumað með saumum sem eyðast eða lokað með málmheftum en það fer eftir umfangi aðgerðar. Í flestum tilvikum þarf að nota sérstakt magabelti fyrst eftir aðgerðina til að styðja við kviðinn, yfirleitt allan sólarhringinn meðan á innlögn stendur og síðan yfir daginn í 2-4 vikur.

Kviðarholsdren

Stundum er lagt inn dren að aðgerðarsvæði til að hleypa út blóðvökva sem safnast í sárabeð. Dren er fjarlæggt samkvæmt fyrirætlum læknis, yfirleitt daginn eftir aðgerð.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flyta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Hreyfing getur einnig aukið garnahreyfingar. Æskilegt er að vera sem mest á fótum, ganga eða sitja í stól. Starfsfólk deildarinnar aðstoðar við og ráðleggur um hreyfingu.

Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Útskrift

Útskrift er áætluð 1-5 dögum eftir aðgerð en það fer eftir umfangi aðgerðar. Stundum er hægt að útskriftast samdægurs.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum
- Endurkomutíma hjá skurðlækni
- Endurkomutíma í heftatöku ef þörf er á

Útskriftarfræðsla

Verkir

Flestir þurfa verkjalyf fyrst um sinn. Eftir því sem frá líður og verkir minnka er rétt að draga úr notkun verkjalyfja. Sjá fylgiblað um verkjalyfjameðferð eftir skurðaðgerð.

Akstur

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl meðan þeirra er þörf. Læknar deildarinnar veita upplýsingar um aukaverkanir lyfja.

Matur og drykkur

Ekki þarf að gera breytingar á mataræði en mikilvægt er að halda hægðum mjúkum og koma í veg fyrir hægðatregðu, því forðast þarf að rembast í 3-6 vikur. Mælt er með að drekka vel og borða trefjaríka fæðu svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef það dugar ekki er gott að drekka glas af sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag eða nota hægðalyf sem fást í apóteki án lyfseðils.

Skurðsár

Í flestum tilvikum þarf að nota magabelti yfir daginn í 2-4 vikur, til að styðja við kviðinn. Fylgjast þarf daglega með útliti skurðsárs á kvið með tilliti til roða, bólgu og vessa. Gott er að nota spegil við að skoða sárið en forðast þó alla óþarfa snertingu við skurðsár. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð, en ekki er ráðlegt að fara í baðkar, heitan pott eða sund fyrr en sár er vel gróið (tekur yfirleitt 2-3 vikur). Ör eftir skurðaðgerð eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

- Ef aðgerðin var gerð með kviðsjá eru skurðsárin saumuð með saumi sem eyðist af sjálfu sér. Yfir þeim eru litlir límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni. Fjarlægja á ytri umbúðir tveimur dögum eftir aðgerð.
- Ef skurðsári er lokað með málmheftum, eru þau fjarlægð eftir 10-14 daga.

Þvaglát

Ekki eiga að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina.

Hreyfing

Hæfileg hreyfing er mikilvæg til að flýta fyrir bata. Forðast þarf áreynslu á kvið sem eykur þrýsting á aðgerðarsvæðið, eins og líkamsrækt og að lyfta þungum hlutum (yfir 5 kg) fyrstu 3-6 vikurnar meðan sárið er að gróa. Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur.

Kynlíf

Almennt má hefja kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess, en ráðlegt er að varast beinan þrýsting á skurðsvæði meðan það er að gróa.

Svefn

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu vikunnar eftir aðgerð. Gott er að ná að minnsta kosti 6–8 klukkustunda nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð getur dregið úr þreytu.

Andleg líðan

Sumir finna fyrir kvíða og óöryggi í kjölfar veikinda. Oft hjálpar að tala við sína nánustu og vera óhræddur við að ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er ráðlagt að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

Vinna

Æskilegt er að taka frí frá vinnu í 2-4 vikur eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga 10E	543 2200
Dagdeild skurðlækninga 13D	543 7480
Kviðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG	543 7500

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.